



Leiðbeinandi tilmæli
**um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun
iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.**

nr. 2/2003

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

28. október 2003

Inngangur.

Við túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd hafa komið upp álitæfni sem hvorki er að finna skýr svör við í nefndri reglugerð né lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hefur það aukið hættu á misræmi við túlkun og framkvæmd ákvæða nefndrar reglugerðar og samninga sem á henni byggjast.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu einnig orðið vart við ýmis vandkvæði sem tengjast starfsháttum þeirra aðila sem starfa við að koma á eða veita ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað. Í þessu sambandi skal vakin athygli á dreifibréfi, dags. 7. febrúar 2003, sem Fjármálaeftirlitið sendi aðilum sem hafa með höndum sölu eða ráðgjöf vegna samninga um viðbótarlífeyrissparnað, en dreifibréfið var einnig birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Í bréfinu lagði Fjármálaeftirlitið áherslu á að fyrrnefndir aðilar veiti ráðgjöf og aðstoð á faglegan hátt og sinni upplýsingagjöf til viðskiptavina í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Var sérstök áhersla lögð á mikilvægi upplýsingagjafar um upphafskostnað og endurkaupsvirði samnings sem og skilmála hans þar sem ljóst væri að misbrestur á slíkri upplýsingagjöf gæti leitt til fjárhagslegs taps fyrir viðskiptavinum að óþörfu.

Þann 3. júlí 2003 gaf Fjármálaeftirlitið út umræðuskjal nr. 5/2003 er innihélt drög að leiðbeinandi tilmælum um túlkun og framkvæmd nefndrar reglugerðar og var öllum veittur kostur á að gera athugasemdir við efni þess fyrir þann 22. ágúst 2003. Með umræðuskjalinu voru lögð drög að tilmælum þessum sem ætlað er að stuðla að einsleitni og samræmi í framkvæmd framangreindra reglna og að framkvæmdin verði í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Taka tilmælin til allra þeirra er hafa heimild til að taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd, þ.e.:

- Viðskiptabanka og sparissjóða sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,
- líftryggingafélaga sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög nr. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi,
- verðbréfafyrirtækja sem starfa skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og
- lífeyrissjóða, enda uppfylli þeir skilyrði 4. - 5. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ýmsar gagnlegar athugasemdir hafa borist frá vörsluaðilum, hagsmunasamtökum aðila á markaði og einstaklingum, og tóku drögin nokkrum breytingum m.t.t. þeirra. Sérstaklega voru gagnlegar athugasemdir er miðuðu að því að skýra betur réttarstöðu og ábyrgð vörsluaðila og rétthafa.

Ekki skal líta á tilmælin sem tæmandi umfjöllun um lögfræðileg álitæfni sem upp kunna að koma við framkvæmd framangreindra reglna.

Í skjali þessu merkir lífeyrissparnaður bæði sparnað á grundvelli samnings um viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað og er með vörsluaðila átt við vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Skáletraður texti er ætlaður til frekari útskýringar á þeim atriðum sem fjallað er um.

Leiðbeinandi tilmæli um túlkun og framkvæmd
reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til
lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

1. kafli.

Form samnings.

1. gr.

Samningseyðublað skal vera þannig úr garði gert að ekki leiki vafi á því hver sé viðsemjandi réttthafa.

Notist tveir vörsluaðilar, sbr. 15. gr., sem rétt hafa til að taka við iðgjöldum vegna séreignarsparnaðar og viðbótartryggingaverndar, við sama samningseyðublað skal með skýrum hætti skilið á milli hvors aðila á samningseyðublaði.

Fjármálaeftirlitið getur farið fram á úrbætur ef samningur er að þess mati ekki nægilega skýr, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með 2. mgr. 1. gr. er lögð áhersla á að réttthafi geti gert sér skýra grein fyrir því að viðsemjendur hans séu tveir vörsluaðilar þó svo þeir notist við sama samningseyðublað.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. er sett til þess að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitið geti krafist úrbóta á samningseyðublaði ef það telur það ekki fullnægja skýrleikskröfum Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Þegar samningur hefur komist á um lífeyrissparnað skal vörsluaðili eða réttthafi senda launagreiðanda afrit af samningi, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd. Í samningi aðila skal kveðið á um hvort vörsluaðili eða réttthafi beri ábyrgð á að senda launagreiðanda afrit hans.

Undirritun réttthafa og vörsluaðila er grundvöllur þess að samningur um lífeyrissparnað geti tekið gildi.

Geri réttthafi og vörsluaðili breytingu á samningi um lífeyrissparnað sem varðar launagreiðanda, svo sem um hækkun eða lækkun iðgjalds, skal réttthafi eða vörsluaðili beina skriflegri tilkynningu til launagreiðanda, þar sem fram komi undirskriftir réttthafa og vörsluaðila.

Fjármálaeftirlitinu hafa borist ábendingar um að þörf sé á að taka af allan vafa varðandi það að samningur um lífeyrissparnað þurfi að vera undirritaður bæði af réttthafa og vörsluaðila, þ.e. að einhliða tilkynning til launagreiðanda dugi ekki. Sama gildir um breytingar sem gerðar eru á samningnum en hvað þær varðar myndi teljast fullnægjandi að senda launagreiðanda afrit af breyttum samningi réttthafa og vörsluaðila án þess að einnig þurfi að koma til sérstakrar tilkynningar sama efnis.

2. kafli

Efni samnings.

3. gr.

Öll þau atriði sem talin eru upp í 6. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd skulu koma fram í samningnum sjálfum, sbr. 9. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með þessari grein er áréttað að ekki telst fullnægjandi að framangreind atriði komi fram í fylgiskjöllum eða reglum sem um samninginn gilda eða við almenna upplýsingagjöf sölu- eða ráðgjafaraðila um samninginn til réttshafans.

4. gr.

Rétthafa og vörsluaðila er heimilt að semja um að unnt verði að flytja innstæðu til annars vörsluaðila en skal þess þá getið í samningi aðila.

Samningsákvæði um heimild til flutnings innstæðu er ekki háð umsömdum uppsagnarfresti nema annað komi skýrt fram í samningi aðila, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

Fjármálaeftirlitið telur að samningsákvæði um heimild til flutnings innstæðu verði virk um leið og heimildin er nýtt, þ.e. rétthafi þarf ekki að bíða eftir að uppsagnarfrestur sé liðinn, nema annað komi skýrt fram í samningi aðila, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd en þar er kveðið á um að heimilt sé að semja um flutning innstæðu eða réttinda.

5. gr.

Í samningi skal gera skilmerkilega grein fyrir kostnaði sem rétthafi ber af gerð samnings og fellur ekki innan þess sem telja má reglulegan kostnað vegna reksturs og umsýslu lífeyrissparnaðar.

Áskilji vörsluaðili sér kostnað fyrir flutning innstæðu telst ekki fullnægjandi að vísa til gildandi gjaldskrár á hverjum tíma, heldur skal að minnsta kosti getið um hámark þóknunar í samningnum.

Með 1. mgr. 5. gr. er til dæmis átt við það fyrirkomulag að iðgjald rétthafa skapi honum ekki innstæðu fyrr en greidd hafa verið iðgjöld sem nema kostnaði við að koma á samningi. Er hér vísað til þóknana sölumanna, reglna um endurkaupsvirði og annan kostnað, beinan eða óbeinan, sem veldur því að iðgjald rétthafa skapar honum ekki innstæðu sem tæk sé til útborgunar.

Fjármálaeftirlitið hefur orðið vart við ágreining um hversu skýrt þurfi að kveða á um fjárhæð þóknunar fyrir flutning og er með greininni gerð lágmarkskrafa um að getið sé a.m.k. hámarks þóknunarinnar.

6. gr.

Ef samningur um lífeyrissparnað leiðir til þess að aðrar skattalegar reglur en almennar íslenskar reglur um skattlagningu gildi um hann, skal í samningi gera skilmerkilega grein fyrir slíkum skatti og þýðingu hans fyrir útgreiðsluverðmæti inneignar rétthafa. Er hér átt við þau tilvik þegar samið er um að erlendar skattalegar reglur skuli gilda um samninginn.

7. gr.

Heimilt er að ráðstafa viðbótariðgjaldi til kaupa á líf- og/eða heilsutryggingu, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

Í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd segir að sé samningur gerður við líftryggingafélag skuli hann kveða á um kaup á lífeyristryggingu. Í c-lið 9. kafla leiðbeininga fjármálaráðuneytisins til lífeyrissjóða, sem gefnar voru út í tilefni af gildistöku laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, kemur fram að verja megi að minnsta kosti hluta viðbótarlífeyrissparnaðar til kaupa á líf- og/eða heilsutryggingu. Með hliðsjón af þessu er talið heimilt að ráðstafa viðbótariðgjaldi að hluta til kaupa á líf- og/eða heilsutryggingu.

Athygli er vakin á því að bætur sem greiddar eru á grundvelli slíkra vátrygginga eru skattlagðar með sama hætti og viðbótarlífeyrissparnaður.

3. kafli.

Um gjalddaga, eindaga og vexti.

8. gr.

Vörsluaðila lífeyrissparnaðar ber að ávaxta greitt iðgjald samkvæmt samningi milli hans og réttihafa frá þeim degi er vörsluaðila berst iðgjald vegna réttihafa.

Berist skilagrein frá launagreiðanda síðar en iðgjöld, er vörsluaðila skylt að reikna vexti frá þeim degi er skilagrein berst í samræmi við þá ávöxtunarleið sem í gildi er samkvæmt samningi réttihafa og vörsluaðila, enda geti vörsluaðili ekki áður sérgreint fé réttihafa sem launagreiðandi greiðir iðgjald fyrir.

Iðgjald skal bera vexti, sem nánar skulu ákvarðaðir í samningi aðila, frá þeim tíma sem það berst vörsluaðila þar til skilagrein hefur borist.

Vörsluaðili skal krefja launagreiðanda um skilagrein ef hún berst ekki og skal vörsluaðili varðveita iðgjöld réttihafa ósérgreind.

Hafi skilagrein ekki borist innan þriggja vikna frá því greiðsla berst skal vörsluaðili krefjast þess af launagreiðanda að hún verði send innan viku, öðrum kosti verði réttihafa tilkynnt um að skilagreinin hafi ekki borist og áhrif þess, enda sé vörsluaðila kunnugt um hver réttihafinn er.

Fjármálaeftirlitið telur 8. gr. tilmælanna ekki girða fyrir það að í framkvæmd verði iðgjald ekki fært til ávöxtunar samkvæmt þeirri ávöxtunarleið sem samið hefur verið um, t.d. kaup ákveðinna eininga, nema t.d. nokkrum sinnum í mánuði. Ávöxtunin verði þó ávallt reiknuð frá og með þeim degi er skilagreinin berst.

Berist skilagrein frá launagreiðanda síðar en iðgjöld verður að telja að vörsluaðila sé skylt að reikna vexti frá þeim degi er skilagrein berst í samræmi við þá ávöxtunarleið sem í gildi er samkvæmt samningi réttihafa og vörsluaðila, enda geti vörsluaðili ekki áður sérgreint fé réttihafa sem launagreiðandi greiðir iðgjald fyrir. Í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti er talið eðlilegt að iðgjaldið beri vexti frá þeim tíma er það berst vörsluaðila þar til skilagrein berst og iðgjaldið ávaxtað í samræmi við umsamda ávöxtunarleið, og skal kveðið á um hvernig slíkir vextir eru ákvarðaðir í samningi aðila.

Í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti verður sú krafa gerð til vörsluaðila að hann krefji launagreiðanda um skilagrein ef hún ekki berst og að vörsluaðili varðveiti iðgjöld réttihafa ósérgreind.

4. kafli.

Útborgun.

9. gr.

Sé samið um lengri útgreiðslutíma en sem nemur sjö árum, sbr. 1. og 2. tl. 11. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd, skal vörsluaðili vekja sérstaka athygli réttihafa á því áður en samningur er undirritaður, þar eð þessar reglur standa í tengslum við réttindi réttihafa til greiðslu ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Í 11. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd eru reglur um útborgun séreignarsparnaðar. Almenna reglan er sú að inneign réttihafa verði greidd út á sjö árum eftir að réttihafi byrjar að þiggja greiðslur úr séreign sinni, enda hefjist greiðslur til hans við 60 ára aldur. Heimilt er að hafa útborgunartíma skemmri, en þó má útborgun aldrei vera lokið fyrr en réttihafi hefur náð 67 ára aldri nema í tilviki örorku, sbr. 2. tl. 1. mgr. 11. gr. nefndrar reglugerðar. Þar sem samningur um lengri útgreiðslutíma en sem nemur sjö árum er meira íþyngjandi fyrir réttihafann heldur en almenna reglan, skal vekja sérstaka athygli réttihafa á því

áður en samningur er undirritaður, þar eð þessar reglur standa í tengslum við réttindi réttihafa til greiðslu ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

5. kafli. Uppsögn samnings.

10. gr.

Uppsagnarfrestur skal ekki vera lengri en 6 mánuðir, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd. Heimilt er að semja um skemmri uppsagnarfrest, ýmist í upphaflegum samningi réttihafa og vörsluaðila eða með því að réttihafi og vörsluaðili semji síðar um að stytta uppsagnarfrest þann sem fram kemur í upphaflegum samningi aðila.

Sé samið um skemmri uppsagnarfrest en þann sem fram kemur í skriflegum samningi aðila skal hann tilgreindur í uppsögn.

Semji aðilar um skemmri uppsagnarfrest en fram kemur í ákvæðum samnings um lífeyrissparnað skulu báðir aðilar staðfesta uppsögn hans.

Ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd verður að skilja sem hámarksákvæði þar sem önnur túlkun væri íþyngjandi fyrir réttihafa og þyrfti þ.a.l. að koma skýrar fram hafi ætlun löggjafans verið önnur. Því er heimilt að semja um skemmri uppsagnarfrest en slíkt getur ýmist gerst með því að upphaflegur samningur kveði á um skemmri uppsagnartíma eða með því að réttihafi og vörsluaðili semji sín á milli um að stytta uppsagnarfrest þann sem fram kemur í fyrirbyggjandi samningi aðila.

11. gr.

Uppsögn samnings um lífeyrissparnað skal beint til vörsluaðila.

Vörsluaðili skal senda réttihafa, eða þeim er sagt hefur upp samningi samkvæmt umboði frá réttihafa, staðfestingu á uppsögn hans þar sem fram komi frá hvaða tíma samningur fellur úr gildi.

Staðfestingu skv. 2. mgr. greinar þessarar skal réttihafi, umboðsmaður hans eða vörsluaðili senda til launagreiðanda.

12. gr.

Vilji réttihafi hætta greiðslu viðbótariðgjalds tímabundið skal hann segja upp samningi sínum við vörsluaðila með þeim hætti sem greinir í 11. gr. tilmælanna.

Réttihafi skal gera nýjan samning við vörsluaðila vilji hann hefja viðbótarsparnað að nýju eftir uppsögn.

Með þessu ákvæði er komið í veg fyrir að unnt sé að segja upp samningi um lífeyrissparnað tímabundið í því skyni að sparnaðurinn verði sem stöðugastur.

13. gr.

Sé réttihafi tekinn af launaskrá hjá launagreiðanda sem tilgreindur er í samningi réttihafa og vörsluaðila og greitt hefur iðgjöld réttihafa til vörsluaðila, og nýr launagreiðandi tilkynntur skal það talið breyting á efni samnings sem staðfest skal af réttihafa.

Komi nafn launagreiðanda ekki fram í samningi aðila kemur ekki til þeirra aðstæðna sem fjallað er um í 1. mgr.

Með 1. mgr. er áréttað að ef nýr launagreiðandi er tilkynntur vörsluaðila, og fyrri launagreiðandi hafi verið tilgreindur í samningi aðila, sé það talið breyting á efni samningsins. Þarf réttthafi að staðfesta slíka breytingu með sannanlegum hætti en ekki er gerð krafa til þess að slík staðfesting sé gerð skriflega.

Eðli málsins samkvæmt hafa þær aðstæður sem fjallað er um í 1. mgr. ekki sömu áhrif ef nafn launagreiðanda kemur ekki fram í samningi aðila.

6. kafli.

Eftirlit og eftirfylgni við greiðslu launagreiðanda á iðgjaldi.

14. gr.

Vörsluaðila ber ekki skylda til að innheimta eða hafa eftirlit með innheimtu vangoldinna iðgjalda til lífeyrissparnaðar, nema samið sé um annað.

Vörsluaðili skal upplýsa réttthafa um ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og í reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd er ekki kveðið á um skyldu vörsluaðila til að innheimta vangoldin iðgjöld til lífeyrissparnaðar, líkt og gildir um lífeyrisiðgjald til lágmarkstryggingarverndar, sbr. 28. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Vörsluaðila er samkvæmt þessu ekki falið að innheimta eða hafa eftirlit með innheimtu frá launagreiðanda á vangoldnum iðgjöldum réttthafa. Til þess þyrfti vörsluaðili sérstakt umboð frá réttthafa, enda er ekki samningssamband milli launagreiðanda og vörsluaðila. Að óbreyttum framangreindum reglum telur Fjármálaeftirlitið ekki unnt að leggja kostnað sem til fellur við innheimtu vangoldinna iðgjalda einstakra réttthafa, samkvæmt samningi um lífeyrissparnað, á viðkomandi vörsluaðila, heldur yrði réttthafi að ábyrgjast greiðslu kostnaðar ef hann fengist ekki greiddur úr hendi launagreiðanda. Samkvæmt þessu verður réttthafi fyrst og fremst sjálfur að gæta þess að frádregin iðgjöld berist vörsluaðila. Aðilar geta þó samið um að vörsluaðili beri ábyrgð á innheimtu eða eftirliti með vangoldnum iðgjöldum til lífeyrissparnaðar en kostnaður vegna slíkrar þjónustu verður ekki tekinn af inneign réttthafans heldur yrði að semja sérstaklega um greiðslu hans.

Ástæða þykir til að ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðarsjóð launa verði hluti af upplýsingagjöf vörsluaðila til réttthafa þar sem þau varða brýna fjárhagslega hagsmuni hans.

7. kafli.

Um heimild annarra aðila en vörsluaðila lífeyrissparnaðar til að selja eða bjóða samninga um lífeyrissparnað.

15. gr.

Heimild til vörslu lífeyrissparnaðar er veitt aðilum sem hafa heimild til að stunda starfsemi samkvæmt II. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. 3. gr. 8. gr. sömu laga.

Skv. 3. mgr. 8. gr. framangreindra laga hafa viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um viðskiptabanka og sparisjóði (nú lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki), líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um váttryggingastarfsemi, verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti og sparisjóði (nú lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki) og hafa starfsstöð hér á land og lífeyrissjóðir sem uppfylla skilyrði 4. - 5. gr. laga nr. 129/1997, heimild til að stunda starfsemi skv. framangreindum II. kafla laga nr. 129/1997 og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingavernd samkvæmt nefndum lögum.

16. gr.

Útvistun vörsluaðila á sölu eða ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað til annarra aðila en falla undir heimild 15. gr. tilmæla þessara er óheimil.

Þó er vörsluaðila heimilt að fela einstaklingum að selja eða veita ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað á grundvelli samnings milli vörsluaðila og einstaklings.

Með 1. mgr. 16. gr. er útvistun á sölu eða ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað til annarra aðila en þeirra sem falla undir heimild 15. gr. tilmælanna óheimil þó með þeirri undantekningu sem fram kemur í 2. mgr. 16. gr. Eru skilyrði undantekningarinnar um að viðsemjandi vörsluaðilans skuli vera einstaklingur, en ekki lögaðili, sett í þeim tilgangi að vörsluaðili hafi skýra yfirsýn og beint boðvald yfir þeim sem útvistað er til auk þess sem slíkt fyrirkomulag er fallið til þess að styrkja ábyrgðartilfinningu vörsluaðilans gagnvart þeim sem útvistað er til.

17. gr.

Í samningi skv. 16. gr. skal skýrt kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila og þær heimildir sem sá er útvistað er til, hefur til að skuldbinda vörsluaðila.

Í samningi skv. 16. gr. skal skýrt koma fram að vörsluaðili beri ábyrgð á sölu og ráðgjöf þess einstaklings sem er viðsemjandi hans hverju sinni.

Skýrt skal kveðið á um í samningi skv. 16. gr. að útvistun fari einungis fram á grundvelli og á ábyrgð starfsleyfis viðkomandi vörsluaðila.

Grein þessari er ætlað að tryggja að ekki leiki vafi á hver beri ábyrgð á sölu og ráðgjöf á grundvelli samnings skv. 16. gr., þ.e. að skýrt sé kveðið á um í samningnum að vörsluaðili beri húsbóndaábyrgð á störfum þess aðila sem útvistað er til og eru unnin á grundvelli fyrrnefnds samnings.

8. kafli.

Um hæfi og starfshætti aðila sem starfa við sölu eða ráðgjöf um lífeyrissparnað.

18. gr.

Vörsluaðili skal sjá til þess að sá sem selur eða veitir ráðgjöf um lífeyrissparnað búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að veita ráðgjöf um efni samningsins og þau lög og reglur sem um samninginn og lífeyrissparnað almennt gilda.

Í 8. kafla tilmælanna er fjallað um hæfi og starfshætti þeirra aðila sem starfa við sölu eða ráðgjöf um samninga um lífeyrissparnað.

Fjármálaeftirlitinu hafa borist ýmis erindi sem benda til þess að starfshættir fyrrnefndra aðila séu með mismunandi móti og þá sérstaklega með tilliti til þekkingar þeirra á þeim samningum sem þeir hafa verið að selja eða veita ráðgjöf um. Fjármálaeftirlitið telur því brýnt að kveða nánar á um hvað felist í ákvæði 5. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um að fyrrgreindir aðilar séu hæfir til að sinna slíkum störfum.

19. gr.

Vörsluaðili skal hafa eftirlit með því að sá sem selur eða veitir ráðgjöf um lífeyrissparnað veiti ráðgjöf á faglegan hátt og taki mið af hagsmunum þess neytanda sem ráðgjöfin er veitt, sbr. 2. ml. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Hér er m.a. kveðið á um að ráðgjöf skuli taka mið af persónulegum hagsmunum þess neytanda sem ráðgjöfin er veitt til hverju sinni.

20. gr.

Vörsluaðili skal sjá til þess að sá sem selur eða veitir ráðgjöf um lífeyrissparnað veiti allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að neytandi fái skýra mynd af efni þess samnings sem verið er að selja eða veita ráðgjöf um og af þeim lögum og reglum sem um samninginn gilda.

Skal upplýsingagjöf þessari sinnt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Fjármálaeftirlitið hefur orðið vart við ýmis vandkvæði í tengslum við upplýsingagjöf til neytanda um efni samnings um lífeyrissparnað og þau lög og reglur sem um samninginn gilda. Má hér sérstaklega nefna reglur um upphafskostnað og endurkaupsvirði samnings, sbr. dreifibréf Fjármálaeftirlitsins dags. 7. febrúar 2003 sem getið er í inngangi með tilmælum þessum, ákvæði 14. gr. tilmælanna um ábyrgð á innheimtu vangoldinna iðgjalda og reglur um kostnað rétthafa við að hefja töku lífeyris fyrir en samningstími kveður á um. Er tilgangur þessa ákvæðis að vekja athygli sölu- eða ráðgjafaraðilans á skyldu sinni til þess að veita viðskiptavini sem ítarlegastar upplýsingar um efni samnings og þær reglur sem um hann gilda.

21. gr.

Vörsluaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir ef í ljós kemur að sá sem er í hans þjónustu eða kemur fram fyrir hans hönd hefur ekki framfylgt þeim reglum sem fyrir hann eru lagðar.

Með greininni er sú frumkvæðisskylda lögð á vörsluaðilann að gera viðeigandi ráðstafanir ef í ljós kemur að aðilar hafi ekki framfylgt þeim reglum sem fyrir þá eru lagðar.

9. kafli.

Önnur ákvæði.

22. gr.

Tilmæli þessi hafa ekki áhrif á þá samninga sem í gildi eru við birtingu þeirra. Kjósi vörsluaðili að breyta þegar gerðum samningum við rétthafa til samræmis við tilmælin skal slík breyting staðfest með undirritun beggja aðila.

23. gr.

Tilmæli þessi taka gildi við birtingu en veittur er frestur til aðlögunar að þeim til 1. janúar 2004.